**Sþ.** **177. Svar** [101. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Kjartani Jóhannssyni um greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfum.

*1. Greiðsla opinberra gjalda með skuldabréfum.*

Samkvæmt gögnum ráðuneytisins hefur fjármálaráðherra heimilað 127 sinnum á árunum 1980–1987 greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfum eða sambærilegum skuldaviðurkenningum umfram það sem mælt hefur verið fyrir um í sérstökum lögum. Á meðfylgjandi yfirliti sést um hve háar fjárhæðir er að ræða á verðlagi hvers árs, lengd lánstíma og vaxtakjör. Rétt er að taka fram að í öllum tilvikum var krafist bankaábyrgðar, fasteignaveðs eða sambærilegrar tryggingar fyrir skuldabréfunum, nema annað sé sérstaklega tekið fram í yfirlitinu.

Í yfirlitinu eru ekki birt nöfn einstakra gjaldenda, en þeir einungis sundurliðaðir í einstaklinga og lögaðila. Engar beinar lagareglur eru til um upplýsingaskyldu ráðuneytisins í þessum efnum, en með hliðsjón af ákvæðum 115. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, treystir ráðuneytið sér ekki til þess að verða við beiðni um nafnbirtingu. Í nefndu lagaákvæði er kveðið á um þagnarskyldu skattstjóra, umboðsmanna skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og ríkisskattanefndar um þær upplýsingar sem þessir aðilar komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Á meðan ekki eru í gildi sérstakar reglur að því er varðar fjármálaráðuneytið er eðlilegt að líta svo á að sami trúnaður gildi um þau afskipti sem ráðuneytið hefur af málefnum einstakra gjaldenda.

*2. Lagaheimildir.*

Í skattalögum er skýrt kveðið á um gjalddaga opinberra gjalda og dráttarvexti sem gjaldendum ber að greiða sé ekki staðið í skilum á lögbundnum gjalddögum. Yfirleitt er ekki að finna í lögum ákvæði um heimild stjórnvalda til að breyta gjalddögum opinberra gjalda eða falla frá dráttarvaxtatöku.

Svo hefur verið litið á að fjármálaráðuneytinu væri skylt að sjá til þess eftir föngum að réttilega álögð gjöld og lögbundnir dráttarvextir af þeim innheimtust í ríkissjóð. Í þessari skyldu ráðuneytisins felst einnig sú eina heimild sem það hefur til að semja um greiðslufrest eða falla frá innheimtu hluta skuldar. Ef staða skuldara og trygging fyrir skattkröfu er það léleg að telja má víst að skuldin sé að verulegu leyti töpuð hefur ráðuneytinu verið talið heimilt að ganga til samninga við skuldara um greiðslufyrirkomulag skuldar og jafnvel falla frá hluta skuldarinnar gegn tryggingu fyrir greiðslu eftirstöðva. Einkum eru slíkir samningar réttlætanlegir af hálfu ráðuneytisins ef þeir eru liður í óformlegum nauðasamningum eða víðtækara samkomulagi skuldara við lánardrottna.

Reynt er að leggja mat á stöðu skuldara í hverju tilfelli þegar beiðni berst um greiðslufrest. Afstaða er síðan tekin til beiðninnar með það í huga hvernig best er tryggður hagur ríkissjóðs.

**Yfirlit um útgefnar heimildir til móttöku skuldabréfa sem greiðslu opinberra gjalda 1980–1987.**

| Dagsetning | Gjaldandi | Tegund gjalda | Upphæð | Skilmálar |
|---|---|---|---|---|
| **1980:** | | | | |
| Febrúar | Einstaklingur | Þinggjöld | 8 263 365 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 2% vextir |
| **1981:** | | | | |
| Desember | Lögaðili | Söluskattur | 300 000 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, lögleyfðir vextir |
| **1982:** | | | | |
| Júní | Lögaðili | Vextir og viðurlög | 126 573 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 2,5% vextir |
| Júní | Lögaðili | Vextir og viðurlög | 500 192 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 2,5% vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur og þinggjöld | 680 908 | Verðtryggt skuldabréf til 12 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Lögaðili | Þinggjöld | 942 981 | Verðtryggt skuldabréf til 12 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| | | Samtals 1982 | 2 250 654 | |
| **1983:** | | | | |
| Maí | Lögaðili | Þinggjöld | 8 965 853 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Lögaðili | Þinggjöld | 2 726 883 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Lögaðili | Söluskattur og þinggjöld | 1 605 430 | Verðtryggt skuldabréf til 8 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Ágúst | Lögaðili | Þinggjöld | 1 662 551 | Verðtryggt skuldabréf til 6 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Lögaðili | Þinggjöld | 722 608 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur | 1 702 994 | 5 verðtryggð skuldabréf í 5 ár hvert, 2 verðtryggð skuldabréf í 10 ár hvort, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur | 996 035 | Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir |
| Nóvember | Lögaðili | Söluskattur | 300 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir Breytt í febrúar 1984 í bréf til 5 ára |
| Nóvember | Lögaðili | Söluskattur | 909 078 | 4 verðtryggð skuldabréf til 4 ára hvert, hæstu lögleyfðir vextir |
| Nóvember | Lögaðili | Þinggjöld | 658 857 | Verðtryggt skuldabréf til 8 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld | 995 083 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld | 4 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 3% vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld | 2 783 322 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld og launaskattur | 7 831 695 | Verðtryggt skuldabréf til 6 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld | 2 007 403 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld og launaskattur | 1 010 895 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |

| Dagsetning | Gjaldandi | Tegund gjalda | Upphæð | Skilmálar |
|---|---|---|---|---|
| Desember | Einstaklingur | Þinggjöld | 590 082 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld og launaskattur | 1 804 885 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld | 101 683 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| | | Samtals 1983 | 41 375 287 | |
| **1984:** | | | | |
| Janúar | Lögaðili | Þinggjöld og launaskattur | 2 489 135 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Febrúar | Lögaðili | Söluskattur | 750 667 | 3 verðtryggð skuldabréf til 4 ára hvert, hæstu lögleyfðir vextir |
| Mars | Lögaðili | Þinggjöld | 770 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Lögaðili | Þinggjöld | 664 036 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Lögaðili | Þinggjöld | 3 135 960 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Lögaðili | Launaskattur og söluskattur | 2 670 267 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Lögaðili | Þinggjöld | 472 606 | Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Einstaklingur | Söluskattur | 130 000 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júlí | Lögaðili | Þinggjöld, launaskattur og söluskattur | 6 703 816 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur | 131 257 | Verðtryggt skuldabréf til 3 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur | 1 563 571 | Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Nóvember | Lögaðili | Þinggjöld, söluskattur og launaskattur | 1 800 000 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Nóvember | Lögaðili | Söluskattur | 547 135 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, 8% vextir |
| Nóvember | Lögaðili | Vörugjald og þinggjöld | 2 000 977 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Launaskattur, söluskattur og þinggjöld | 5 432 832 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Söluskattur | 350 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Einstaklingur | Tekjuskattur | 90 000 | Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Þinggjöld | 4 289 172 | Skuldabréf til 7 mánaða, engir vextir né veð |
| Desember | Lögaðili | Söluskattur | 150 000 | Verðtryggt skuldabréf í 2 ár, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Söluskattur | 2 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Söluskattur | 765 000 | Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir |
| | | Samtals 1984 | 36 906 431 | |

| Dagsetning | Gjaldandi | Tegund gjalda | Upphæð | Skilmálar |
|---|---|---|---|---|
| **1985:** | | | | |
| Janúar | Lögaðili | Vextir og viðurlög | 315 000 | Verðtryggt skuldabréf í 1 ár, hæstu lögleyfðir vextir |
| Janúar | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 700 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Janúar | Lögaðili | Söluskattur | 4 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Janúar | Lögaðili | Söluskattur | 5 115 175 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir |
| Janúar | Lögaðili | Söluskattur og þinggjöld | 589 043 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Janúar | Lögaðili | Söluskattur | 1 200 000 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Febrúar | Lögaðili | Þinggjöld og launaskattur | 1 156 617 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, 5% vextir |
| Febrúar | Einstaklingur | Söluskattur | 223 396 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir |
| Febrúar | Lögaðili | Launaskattur og þinggjöld | 1 900 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Febrúar | Einstaklingur | Vörugjald og söluskattur | 517 861 | Verðtryggt skuldabréf til 20 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Febrúar | Einstaklingur | Söluskattur | 400 000 | Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, 4% vextir |
| Mars | Lögaðili | Söluskattur | 580 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Mars | Lögaðili | Söluskattur | 200 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir |
| Mars | Einstaklingur | Þinggjöld | 340 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Mars | Lögaðili | Vörugjald | 500 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Mars | Einstaklingur | Söluskattur | 58 644 | Verðtryggt skuldabréf til 18 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Lögaðili | Launaskattur | 4 525 739 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 4% vextir |
| Apríl | Lögaðili | Söluskattur | 650 000 | Verðtryggt skuldabréf til 18 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Lögaðili | Söluskattur | 900 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Lögaðili | Söluskattur, launaskattur og þinggjöld | 2 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Einstaklingur | Þinggjöld | 278 436 | Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Lögaðili | Þinggjöld, launaskattur og söluskattur | 1 301 447 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Lögaðili | Þinggjöld, launaskattur og söluskattur | 1 107 000 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Lögaðili | Söluskattur og þinggjöld | 1 200 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Lögaðili | Launaskattur | 947 444 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Lögaðili | Söluskattur | 600 000 | Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júní | Einstaklingur | Söluskattur | 371 897 | Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júlí | Lögaðili | Söluskattur | 1 200 000 | Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir |

| Dagsetning | Gjaldandi | Tegund gjalda | Upphæð | Skilmálar |
|---|---|---|---|---|
| Júlí | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 1 300 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júlí | Lögaðili | Launaskattur | 545 267 | 5 verðtryggð skuldabréf til 10 ára hvert, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júlí | Lögaðili | Söluskattur | 1 894 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Júlí | Einstaklingur | Söluskattur | 308 964 | Óverðtryggt skuldabréf til 1 árs, 32% vextir |
| Júlí | Lögaðili | Launaskattur og söluskattur | 1 600 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Ágúst | Lögaðili | Söluskattur | 642 615 | 13 víxlar, alls í um 2 ár |
| Ágúst | Lögaðili | Söluskattur | 224 720 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, 4% vextir |
| Ágúst | Lögaðili | Söluskattur | 1 069 413 | Óverðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, 30,5% vextir |
| Ágúst | Lögaðili | Söluskattur | 4 303 517 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Ágúst | Lögaðili | Söluskattur | 292 000 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 5% vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur | 3 200 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur | 1 050 345 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur | 1 600 000 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur | 811 065 | Óverðtryggt skuldabréf til 4 mánaða, 30,5% vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur | 1 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 10 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 23 210 868 | Óverðtryggt skuldabréf til 6 ára, 22% vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur | 1 292 753 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur | 1 100 000 | 2 verðtryggð skuldabréf, 600 000 til 2½ árs, 500 000 til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 2 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| September | Lögaðili | Söluskattur | 550 000 | Óverðtryggt skuldabréf til 4 mánaða, 32% vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur | 4 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir |
| Október | Lögaðili | Vörugjald | 1 200 000 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur | 1 720 621 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir |
| Október | Einstaklingur | Þinggjöld | 150 000 | Verðtryggt skuldabréf til 18 mánaða, 4% vextir |
| Október | Lögaðili | Vörugjald | 7 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur, þinggjöld og launaskattur | 6 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir |
| Október | Einstaklingur | Þinggjöld | 500 000 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, 5% vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur | 1 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 620 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir |
| Desember | Lögaðili | Söluskattur og þinggjöld | 7 500 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |

| Dagsetning | Gjaldandi | Tegund gjalda | Upphæð | Skilmálar |
|---|---|---|---|---|
| Desember | Lögaðili | Söluskattur | 2 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Desember | Lögaðili | Söluskattur | 1 858 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| | | Samtals 1985 | 114 421 847 | |
| **1986:** | | | | |
| Janúar | Lögaðili | Söluskattur og þinggjöld | 2 300 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Febrúar | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 3 220 453 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Febrúar | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 700 000 | Verðtryggt skuldabréf til 10 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Febrúar | Einstaklingur | Tekjuskattur | 100 000 | Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Febrúar | Lögaðili | Söluskattur | 643 154 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Mars | Lögaðili | Söluskattur | 9 000 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Einstaklingur | Söluskattur | 640 000 | Verðtryggt skuldabréf til 9 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Einstaklingur | Þinggjöld | 586 058 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 5% vextir |
| Maí | Lögaðili | Þinggjöld | 525 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Maí | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 2 636 096 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Ágúst | Lögaðili | Launaskattur og þinggjöld | 456 741 | Verðtryggt skuldabréf til 6 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Ágúst | Einstaklingur | Söluskattur | 217 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| September | Einstaklingur | Söluskattur | 1 699 247 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Lögaðili | Söluskattur | 2 330 118 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir |
| | | Samtals 1986 | 25 053 597 | |
| **1987:** | | | | |
| Mars | Einstaklingur | Söluskattur | 558 890 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Apríl | Einstaklingur | Þinggjöld | 755 030 | Verðtryggt skuldabréf til 10 ára, engir vextir |
| Apríl | Lögaðili | Söluskattur, launaskattur og þinggjöld | 350 000 | Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Maí | Lögaðili | Söluskattur, launaskattur og þinggjöld | 1 555 000 | Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Maí | Einstaklingur | Þinggjöld | 1 506 000 | Verðtryggt skuldabréf til 6 ára, 5% vextir |
| Júní | Lögaðili | Söluskattur og launaskattur | 44 027 853 | Verðtryggt skuldabréf til 8 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| Október | Einstaklingur | Þinggjöld | 484 562 | Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir |
| | | Samtals 1987 | 49 237 335 | |